



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1415*

*komudagur 3. 3. 2003*

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 28.02 2003.

Með bréfi ráðuneytisins dags. 13.2 s.l. er þess farið á leit, að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, 130 mál.

Í frumvarpinu er lagt til að launafólki verði gert heimild að telja til frádráttar skattskyldum tekjum, félagsgjöld sem það hefur greitt til stéttarfélags skv. kjarasamningi eða samþykkt stéttarfélags.

Hverju lýðræðissamfélagi er nauðsynlegt að í því fái þrífist fjárhagslega og stjórnmalalega sjálfstæð verkalýðshreyfing sem komi fram fyrir hönd launafólks gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og geti jafnframt tekið virkan þátt í þrihliða samstarfi stjórnvalda, atvinnurekenda og samtaka launafólks. Það sama á við um gagnaðila þeirra, samtök atvinnurekenda. Af þessum ástæðum beindi fimmta Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem haldin var í Varsjá 20-27. september 1995 þeim tilmælum til aðildarríkja stofnunarinnar í Evrópu, að þau gerðu nauðsynlegar breytingar á skattalögum til þess að heimila bæði launafólki og atvinnurekendum að telja til frádráttar félagsgjöld til samtaka sinna á vinnumarkaði. Rétt er að við þeim tilmælum verði orðið.

Atvinnurekendum sem aðild eiga að aðildarfélögum Samtaka Atvinnulífsins og öðrum samtökum atvinnurekenda er heimilt að skattlögum að draga frá skattskyldum tekjum sínum iðgjöld greidd til samtaka sinna á vinnumarkaði. Launafólki er þetta hins vegar ekki heimilt og felst í því veruleg mismunun gagnvart jafnsettum og jafnmikilvægum samtökum aðila vinnumarkaðarins.

ASÍ hvetur því eindregið til þess að frumvarp þetta verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.